



UMRÆÐUSKJAL

DRÖG AÐ REGLUM UM BREYTILEGA ÞÆTTI STARFSKJARA STARFSMANNA
FJÁRMÁLAFYRIRTÆKJA



UMRÆÐUSKJAL

DRÖG AÐ REGLUM UM BREYTILEGA ÞÆTTI STARFSKJARA
STARFSMANNA FJÁRMÁLAFYRIRTÆKJA

2022 nr. 8

13. júní 2022

Almennar leiðbeiningar

Umræðuskjalið er sent umsagnaraðilum og þeim gefinn kostur á að koma á framfæri umsögn eigi síðar en 21. júní nk. Skjalið er einnig birt á vefsíðu Seðlabanka Íslands (fjármálaeftirlits), www.fme.is.

Umsagnaraðilar eru vinsamlegast beðnir um að skila umsögnum rafrænt á sérstöku umsagnareyðublaði sem útbúið hefur verið vegna draga þessara að reglum.

Umsagnareyðublaðið má nálgast á framangreindri vefsíðu með því að velja „Réttarheimildir“-flipann á forsíðu og velja svo flokkinn „Umræðuskjöl“. Umsagnareyðublaðið skal sent á netfangið skjalasafn@sedlabanki.is.

REGLUR um breytilega þætti starfskjara stjórnarmanna og starfsmanna fjármálafyrirtækja.

1. gr.
Gildissvið.

Reglur þessar gilda um fjármálafyrirtæki samkvæmt lögum um fjármálafyrirtæki, nr. 161/2002.

2. gr.
Breytileg starfskjör og flokkun starfsmanna sem hafa áhrif á áhættusnið fjármálafyrirtækis.

Að því er varðar gerninga sem nýttir eru við greiðslu kaupauka, sbr. 10. tölul. 1. mgr. 57. gr. b laga um fjármálafyrirtæki, nr. 161/2002, skal fjármálafyrirtæki fara eftir reglugerð (ESB) nr. 527/2014, sbr. 3. gr.

Um skilgreiningu starfsmanna sem hafa veruleg áhrif á áhættusnið fjármálafyrirtækis fer eftir reglugerð (ESB) nr. 604/2014, með síðari breytingum, sbr. 3. gr.

3. gr.
Innleiðing reglugerða.

Með reglum þessum öðlast eftirtaldar reglugerðir gildi hér á landi:

1. Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 527/2014 frá 12. mars 2014 um viðbætur við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2013/36/ESB að því er varðar tæknilega eftirlitsstaðla sem tilgreina flokka gerninga sem endurspeгла með fullnægjandi hætti láns hæfi stofnunar við áframhaldandi rekstrarhæfi og er viðeigandi að nota með tilliti til breytilegra launakjara, sem tekin var upp í EES-samninginn með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 81/2019 frá 29. mars 2019 sem birt er í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 44 frá 2. júlí 2020, bls. 65, með þeim aðlögunum sem leiðir af ákvörðuninni. Reglugerðin er birt í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 69 frá 29. október 2020, bls. 54-61.
2. Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 604/2014 frá 4. mars 2014 um viðbætur við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2013/36/ESB að því er varðar tæknilega eftirlitsstaðla að því er tekur til eigindlegra og viðeigandi meginlegra viðmiðana til að skilgreina flokka starfsfólks sem í starfi sínu hefur veruleg áhrif á áhættusnið stofnunar, sem tekin var upp í EES-samninginn með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 81/2019 frá 29. mars 2019 sem birt er í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 44 frá 2. júlí 2020, bls. 65. Reglugerðin er birt í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 69 frá 29. október 2020, bls. 62-67.
3. Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/861 frá 18. febrúar 2016 um leiðréttingu á framseldri reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 528/2014 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 575/2013 að því er varðar tæknilega eftirlitsstaðla vegna annarrar áhættu en delastuðulsáhættu í tengslum við valrétti í staðalaðferð markaðsáhættu og um leiðréttingu á framseldri reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 604/2014 um viðbætur við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2013/36/ESB að því er varðar tæknilega eftirlitsstaðla að því er tekur til eigindlegra og viðeigandi meginlegra viðmiðana til að skilgreina flokka starfsfólks sem í starfi sínu hefur veruleg áhrif á áhættusnið stofnunar, sem tekin var upp í EES-samninginn með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 81/2019 frá 29. mars 2019 sem birt er í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 44 frá 2. júlí 2020, bls. 65.

Með vísan til heimildar í ákvæði til bráðabirgða III í lögum nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki, sbr. lög nr. 57/2015, vísar Seðlabanki Íslands til birtingar enskrar útgáfu af reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/861 í Stjórnartíðindum Evrópusambandsins (e. Official Journal of the European Union): <https://eur-lex.europa.eu/legal-content/EN/ALL/?uri=CELEX:32016R0861>, birt í OJ deild L, undirdeild R, nr. 144, þann 1. júní 2016, bls. 21-23.

4. gr.
Gildistaka.

Reglur þessar, sem settar eru með heimild í 11. tölul. 1. mgr. og 61., 64. og 66. gr. 2. mgr. 117. gr. b laga um fjármálafyrirtæki, nr. 161/2002, öðlast gildi 1. júlí 2022.